



Slökkvilið Vestmannaeyja
Heiðarvegi 12
900 Vestmannaeyjum
Sími: 488-2510

ÁRSSKÝRSLA SLÖKKVILIÐS VESTMANNAEYJA 2020

Síðasta starfsár hjá Slökkviliði Vestmannaeyja mun seint flokkast sem hefðbundið starfsár, en eins og hjá flestum öðrum þá setti heimsfaraldur Covid 19 reglubundna starfsemi úr skorðum meira og minna allt síðasta ár. Útkallsfjöldi var líka óhefðbundinn líkt og árið þar á undan þar sem við vorum yfir meðallagi síðustu ára en þessa aukningu má aftur rekja til óvenju margra útkalla frá brunaviðvörðunarkerfum m.a. vegna matseldar og bilana.

Ef frá eru talin þessi auka útköll þá er fjöldi útkalla á pari við það sem verið hefur undanfarin ár en engu að síður þá var nóg að gera í öðrum verkefnum m.a. vegna Covid 19, endurnýjunum og viðhaldi á búnaði, endurnýjun á brunavarnaáætlun og vinnu við uppbyggingu á nýju slökkvistöðinni.

Þrátt fyrir tiltölulega eðlilega byrjun á síðasta ári hófst undirbúningur snemma hjá Almannavörnum og viðbragðsaðilum í Vestmannaeyjum, eða þegar fyrstu fréttir fóru að berast af mögulegum heimsfaraldri influensu, og þann 15. mars var svo aðgerðarstjórn AST-Almannavarna í Vestmannaeyjum formlega virkjuð. Við tóku dagleg fundarhöld í fjarfundabúnaði og vinna við að skipuleggja og halda utan um þann mikla fjölda sem lenti í einangrun og sóttkví í Vestmannaeyjum í þessari fyrstu bylgju faraldursins.

Í lok maí gerði AST hlé á störfum sínum þar sem þá virtist vera búið að ná nokkuð góðum tókum á faraldrinum á landinu en það hlé stóð stutt því fljótlega í byrjun ágúst fóru smit aftur að aukast og hófust þá fundahöld og skipulagning aftur og standa enn yfir.

Þetta setti að sjálfsögðu sitt mark á eðlilega starfsemi slökkviliðsins, hvort sem er æfingar, útköll eða forvarnastarf þar sem takmarka þurfti allt samneyti milli slökkviliðsmanna eins og kostur var og gæta sérstaklega að því að geta haldið úti útkallshæfu slökkviliði ef upp kæmi sú staða að menn lentu í einangrun eða sóttkví.

Til að bregðast við þessu ástandi þá var m.a. slökkvistöðinni lokað fyrir öðrum en starfsmönnum á tímabili, eldvarnaeftirliti og forvarnastarfi var aðeins sinnt í undantekningar tilfellum, æfingum var frestað og liðinu skipt upp í þrjár útkallseiningar. Þegar æfingar gátu hafist aftur þurfti einnig að breyta skipulagi á þeim þar sem miðað var við að færri menn kæmu á hverja æfingu en upphaflega var áætlað.

Þetta eru vissulega búnir að vera skrítnir og krefjandi tímar og viðbúið að svo verði áfram a.m.k. eitthvað fram eftir nýju ári en vonandi fer lífið að komast í eðlilegt horf með hækkandi sól og við getum horft til baka reynslunni ríkari.

Viðhald og endurnýjun á öllum búnaði er eitthvað sem krefst stöðugrar vinnu og svo var einnig á síðasta ári en eins og undirritaður hefur nefnt áður þá er, fyrir utan allan annan minni búnað, stærsta einstaka verkefnið sem ráðast þarf í sem fyrst, endurnýjun á öðrum af okkar aðal dælubílum sem í dag er orðinn 33.ára gamall.

Á síðasta ári hófst vinna við endurskoðun og uppfærslu á brunavarnaáætlun Slökkviliðs Vestmannaeyja fyrir árin 2021-2026, en samkvæmt lögum skal gera það á fimm ára fresti. Vinna hófst við verkið í lok sumars og lauk svo í haust með samþykki Húsnæðis- og mannvirkjastofnunnar og bæjarstjórnar og var áætlunin undirrituð þann 11.11.2020 og tók gildi nú um áramótin.



Slökkvilið Vestmannaeyja
Heiðarvegi 12
900 Vestmannaeyjum
Sími: 488-2510

ÁRSSKÝRSLA SLÖKKVILIÐS VESTMANNNAEYJA 2020

Samhliða vinnu við endurskoðun brunavarnaráætlunar var svo undirritaður enn einn samstarfssamningurinn þegar gerður var samningur á milli Slökkviliðs Vestmannaeyja SLV og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins SHS um aðstoð SHS til handa SLV vegna stærri mengunaróhappa á starfssvæði SLV.

Stærsta einstaka og metnaðarfullsta verkefni Slökkviliðs Vestmannaeyja frá stofnun liðsins, og það mál sem undirritaður hefur lagt hvað mesta áherslu á s.l. ár fór svo formlega í gang þann 14.03.2020 þegar fyrstu skóflustungurnar voru teknar að nýrri og glæsilegri slökkvistöð. Vinna hófst strax af fullum krafti og eðli málsins samkvæmt þá fylgir svona stórrí framkvæmd töliverð vinna og utanumhald en verkið og efnisútvegum hefur gengið ótrúlega vel þrátt fyrir heimsfaraldur og þau vandamál sem því hefur fylgt, og þann 02.12.2020 var byggingin formlega risin. Gert er ráð fyrir að uppbyggingu verði að fullu lokið um mánaðarmótin júní/júlí og þá muni slökkviliðið flytja í nýtt og glæsilegt húsnæði sem er sérsniðið að starfsemi og stenst kröfur nútímans.

Undanfarin fimm ár hefur meðalfjöldi útkalla hjá slökkviliðinu verið 17.útköll á ári, en á síðasta ári fór heildarfjöldi útkalla frá Neyðarlínunni í 21. útkall en eins og árið þar á undan þá má rekja þessa aukningu til óvenju margra útkalla vegna boða frá brunaviðvörðunarkerfum og/eða gruns um eld m.a. vegna matseldar og/eða bílana og þar sem ekki hefur náðst strax í tengiliði kerfanna þá hefur slökkviliðið verið ræst út.

Af þessu 21. útkalli voru 8. í upphafi metin alvarlegs eðlis og í forgangi F1 og F2.

• Eldur í byggingum	1
• Grunur um eld/skoðun	9
• Eldur utan bygginga(ruslatunnur-bílar)	3
• Útkall vegna brunakerfis	2
• Vatnstjón	3
• Leki af hættulegu efni	2
• Narr í eld	1

Í einungis tveimur útköllum reyndist raunverulega vera um eld að ræða en það var annars vegar eldur í ruslagámum við menningarhúsið Kvikku þann 09.01 og hins vegar í bifreið á Hásteinsvegi þann 15.01 og björguðu snör viðbrögð slökkviliðs því að ekki fór verr í þessum tilvikum. Ekkert þessara útkalla á síðasta ári reyndist þegar upp var staðið vera alvarlegt en eitthvað eignatjón varð þó m.a. í bifreiðum og svo vegna heitavatnsleka í íbúð við Faxastíg þann 26.11

Í desember s.l. var svo komið að árvissum viðburði þegar til stóð að heimsækja Víkina (elstu leikskólabörnin) og 3.bekk Hamarsskóla, kynna þau fyrir slökkviálfunum Loga og Glóð og fræða þau um eldvarnir í tengslum við árlega Eldvarnaviku Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna en vegna aðstæðna þá var þessu eins og svo mörgu öðru slegið á frest og ákveðið að stefna á heimsóknir á nýja árinu um leið og aðstæður leyfa.

Skipulagðar æfingar og námskeið hjá liðinu voru alls 26. en vegna aðstæðna var skipulagið fljótt að riðlast þar sem m.a. þurfti að fresta nokkrum æfingum og breyta liðsskipulagi á mörgum öðrum í takt við þær aðstæður sem voru í gangi á hverjum tíma.

Slökkviliðið stendur líka alltaf öryggisvaktir þegar tankskip olúfélaganna losa bensínfarma í Vestmannaeyjum og voru alls 8. slíkar öryggisvaktir á síðasta ári.



Slökkvilið Vestmannaeyja
Heiðarvegi 12
900 Vestmannaeyjum
Sími: 488-2510

ÁRSSKÝRSLA SLÖKKVILIÐS VESTMANNAEYJA 2020

Eldvarnaeftirlit fyrirtækja og stofnanna er sem fyrr veigamikill þáttur í starfi hvers slökkviliðs en á síðasta ári voru samtals 34. formlegar aðgerðir hjá eldvarnaeftirlitinu sem er töluvert minna en í venjulegu árferði og ræðst það eins og annað af því ástandi sem búið er að vera að undanfögnu þar sem m.a. var töluvert minna um beiðnir um umsagnir sem og að dregið var skoðunum eins og kostur var.

Af þessum 34. aðgerðum voru.....

- Umsagnir(tækifæris og rekstrarleyfi) 23
- Skoðanir og úttektir 11

Síðasta ár var því að mestu leiti í takt við undanfarin ár hvað útköll varðar þar sem við sleppum vel frá stærri brunum og alvarlegum atvikum sem að hluta til má þakka brunaviðvörðunarkerfum og skjótum viðbrögðum en eins og undirritaður bendir reglulega á að þá megum við hvergi slaka á í forvörnum og fyrirbyggjandi aðgerðum. Það er alltaf hægt að gera betur og í raun getum við heimfært landsþekkt slagorð Almannavarna yfir á þennan málaflokk og sagt „við erum öll brunavarnir“

Vestmannaeyjum 15.01.2021

Friðrik Páll Arnfinnsson

Slökkviliðsstjóri